

Nemendur í grunnskólum haustið 2006

Pupils in compulsory schools in autumn 2006

Samantekt

Skólaárið 2006–2007 eru 173 grunnskólar starfandi á landinu og hefur þeim fækkað um fjóra frá árinu áður. Nemendur í grunnskólum voru 43.875 haustið 2006 og hafði fækkað um 461 frá hausti 2005. Grunnskólanemendum hefur fækkað um tæplega 1.000 frá því að þeir voru flestir haustið 2003. Reikna má með að nemendum fækki enn meira á næstu árum því þeir árgangar sem eru að hefja grunnskólanám næstu árin eru fámennari en þeir árgangar sem ljúka munu grunnskólanámi. Að minnsta kosti fimmti hver nemandi í 10. bekk grunnskóla stundar jafnframt nám á framhaldsskólastigi. Þá eru rúmlega 100 nemendur í 9. bekk grunnskóla skráðir í áfanga í framhaldsskólum. Um 3,7% grunnskólanemenda hafa annað móðurmál en íslensku, flestir pólsku. Alls hafa 343 nemendur pólsku sem móðurmál. Tæplega 10 nemendur eru á bak við hvert stöðugildi kennara en meðalbekkjarstærð er 18,5 nemendur. Tæplega fimmtungur kennslustunda á grunnskólaferlinum er í íslensku og 16% kennslustunda er varið til stærðfræðikennslu. Tæplega 10 þúsund nemendur nutu sérkennslu eða fengu stuðning við nám skólaárið 2005–2006.

Inngangur

Gagnasafn frá 1997

Hagstofa Íslands hefur safnað upplýsingum um nemendur og starfsfólk í grunnskólum á Íslandi á haustin frá árinu 1997. Tölurnar miðast við 15. október. Einnig er safnað gögnum um skólastarf á vorin. Hér á eftir verða birtar helstu niðurstöður úr gagnasöfnun um nemendur og skóla árið 2006, auk þess sem eldri tölur verða birtar til samanburðar.

Skólar

Grunnskólum fækkar

Á yfirstandandi skólaári, 2006–2007, eru 173 grunnskólar starfandi á Íslandi. Grunnskólum hefur fækkað um fjóra frá síðastliðnu skólaári. Grunnskólar voru 196 talsins árið 1998 (sjá töflu 1) og hefur þeim því fækkað um 23 á síðastliðnum átta árum. Fækkunin stafar helst af því að fámennir skólar hafa verið lagðir niður eða sameinaðir öðrum. Ekki eru allir grunnskólar heildstæðir, þ.e. bjóða upp á nám alla tíu bekk grunnskólans. Alls bjóða 26 skólar eingöngu nám í fyrstu sjö bekkjum grunnskólans, en í fjórum skólum eru eingöngu nemendur á unglíngastigi, þ.e. í 8.–10. bekk. Sjö grunnskólar bjóða upp á nám í 5 ára bekk (tafla 2).

Í fjölmennasta grunnskólanum eru rúmlega 800 nemendur


Fjölmennasti grunnskóli landsins er Árbæjarskóli í Reykjavík en þar var skráður 801 nemandi í október 2006. Aðrir fjölmennir skólar eru Vallaskóli á Selfossi, Rimaskóli og Seljaskóli í Reykjavík. Í þessum skólum er nemendafjöldinn á milli 700 og 800 nemendur. Skólar með færri en 100 nemendur eru 56 talsins, eða 32% allra grunnskóla, og hefur grunnskólum með færri en 100 nemendur fækkað mjög á



síðastliðnum árum (mynd 1). Fámennustu grunnskólar landsins nú eru Grunnskóli Mjóafjarðar með 2 nemendur og Finnbogastaðaskóli með 3 nemendur. Að auki hefur Grunnskóli Svalbarðshrepps færri en tíu nemendur.

Mynd 1. Grunnskólar eftir nemendafjölda 1998 og 2006

Figure 1. Compulsory schools by number of pupils 1998 and 2006



Einkaskólar

Nemendum einkaskóla hefur fjölgað síðustu tvö ár


Haustið 2006 voru reknir sjö einkaskólar á landinu og hefur fjöldi þeirra verið óbreyttur síðastliðin þrjú ár. Einkaskólarnir eru allir staðsettir á höfuðborgarsvæðinu og eru þessir: Barnaskóli Hjallastefnunnar, Landakotsskóli, Skóli Ísaks Jónssonar, Suðurhlíðarskóli, Tjarnarskóli, Waldorfskólinn Lækjarbotnum og Waldorfskólinn Sólstafrir. Í þessum sjö einkaskólum voru samtals 572 nemendur á grunnskólaaldri og hafa þeir ekki talist fleiri síðan gagnasöfnun Hagstofunnar hófst (mynd 2). Að auki hafa á annað hundrað börn sótt 5 ára bekk í einkaskólum frá árinu 1998 (að árinu 2001 undanskildu) en fjöldinn féll niður í 83 börn haustið 2006. Nemendur í einkaskólum á grunnskólastigi voru 1,3% grunnskólanema.

Í erlendum samanburði er hlutfall nemenda í einkaskólum á Íslandi lágt, a.m.k. þegar borið er saman við OECD löndin. Að meðaltali voru 11,1% nemenda á barnaskólastigi (1.– 7. bekk) í OECD löndunum í einkaskólum og 14,3% nemenda á unglingastigi (8.–10. bekk) skólaárið 2003–2004. Þó er mjög misjafnt á milli landa hvernig skólakerfið er skipulagt. Í Danmörku voru 11,7% nemenda á barnaskólastigi og 23,4% á unglingastigi í einkaskólum en samsvarandi tölur fyrir Noreg voru 1,9% og 2,3% skólaárið 2003–2004¹.

¹ OECD: Education at a Glance. OECD Indicators, Paris, 2006.

Mynd 2. Grunnskólanemendur í einkaskólum 1997–2006

Figure 2. Pupils in private compulsory schools 1997–2006




Skóladagar

Skóladagar eru oftast 180 talsins

Skóladagar nemenda voru oftast 180 talsins skólaárið 2005–2006 (sjá mynd 3 og töflu 3). Fjöldi daga var þó mjög breytilegur, eða frá 130 dögum upp í 185 daga. Fæstir voru skóladagarnir í tveimur skólum í dreifbýlinu sem hafa fengið undanþágu til að kenna nemendum í fjóra daga í viku eða fjóra daga aðra hverja viku. Í sumum litlum skólum er nemendum bætt upp styttra skólaár eða fækkun skóladaga með lengri skóladögum þá daga sem kennt er þannig að heildarfjöldi kennslustunda skerðist ekki.

Mynd 3. Meðalfjöldi skóladaga eftir bekkjum 2005–2006

Figure 3. Average number of school days by grade 2005–2006




Kennslustundir

Tæplega 20% kennslustunda er varið til íslenskukennslu

Nemendur á yngsta stigi grunnskóla (1.–4. bekk) eru að jafnaði í 30 kennslustundum á viku. Nemendur í miðstigi (5.–7. bekk) sækja skóla að jafnaði í 35 kennslustundir á viku og elstu nemendurnir (8.–10. bekk) í 37 kennslustundir á viku. Þegar skoðað er hvernig fjöldi kennslustunda grunnskólanemenda yfir öll skólaárin tíu skiptist á námsgreinar kemur í ljós að 19,5% kennslustunda er varið til íslenskukennslu og 16,1% til stærðfræðikennslu (sjá nánar í mynd 4 og töflu 4). Náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni talin saman voru samtals kennd í 20,4% kennslustunda. Erlendu tungumálin danska og enska eru flokkuð saman. Önnur tungumál, t.d. þýska, franska eða spænska eru kennd sem valgreinar og falla undir flokkinn “annað”. Notað var vegið meðaltal vikulegra kennslustunda hvers árgangs eftir námsgreinum og sú tala síðan margfölduð með 36 vikum (sem eru 180 skóladagar) til að reikna út fjölda kennslustunda yfir veturinn.

Mynd 4. Nemendastundir eftir námsgreinum í 1.–10. bekk 2005–2006

Figure 4. Pupil hours by subject in grades 1–10 2005–2006




Nemendur í grunnskólum

Grunnskólanemendum fer fækkandi

Nemendur í grunnskólum voru 43.875 haustið 2006 og fækkaði um 461 frá síðastliðnu skólaári eða um 1,0% (mynd 5, töflur 5 og 6). Gera má ráð fyrir að nemendum grunnskólans eigi enn eftir að fækka á næstu árum því þeir árgangar sem hefja grunnskólanám á næstu árum eru fámennari en þeir árgangar sem ljúka munu grunnskólanámi. Af þessum 43.875 nemendum eru 22.412 drengir og 21.463 stúlkur. Nemendur í grunnskólum voru flestir haustið 2003 eða 44.809 talsins.

Mynd 5. Nemendur í grunnskólum 1997–2006

Figure 5. Pupils in compulsory schools 1997–2006




Hlutfallslega flestir grunnskólanemendur á Norðurlandi vestra

Þegar litið er á Ísland í heild eru grunnskólanemendur 14,3% af íbúum. Hæst er hlutfall grunnskólanemenda af íbúafjölda á Norðurlandi vestra, 17,4% (mynd 6). Lægst er hlutfallið á Austurlandi, 12,3% og í Reykjavík, 12,8%. Stafar þetta lága hlutfall á Austurlandi líklega af miklum flutningum barnlausra verkamanna til svæðisins vegna þeirra framkvæmda sem þar hafa átt sér stað.

Mynd 6. Grunnskólanemendur sem hlutfall af íbúafjölda 2006

Figure 6. Pupils in compulsory schools as a proportion of the population 2006



Nemendur á undan og eftir í námi

Um 1% nemenda fylgja ekki jafnöldrum sínum í bekk

Tæplega 200 nemendur (0,4%) eru á undan sínum jafnöldrum í námi og 237 nemendur (0,5%) eru á eftir jafnöldrum sínum (tafla 7). Algengast er að nemendur í 10. bekk fylgi ekki jafnöldrum sínum. Í 10. bekk eru 0,7% nemenda a.m.k. ári yngri en bekkjarfélagarnir og 0,9% eru a.m.k. ári eldri. Nemendur í sérskólum eru innifaldir í þessum tölum. Í skólum með samkenndu er nemendum skipað í bekk eftir aldri.

*Rúmlega 1.000
grunnskólanemendur stunda nám
í framhaldsskólum*


Alls stunduðu 1.017 grunnskólanemendur nám í framhaldsskólum jafnhliða grunnskólanámi haustið 2006. Að auki stunduðu 44 grunnskólanemar nám í framhaldsdeildum listdansskóla og tónlistarskóla (tafla 8). Þessar tölur eru byggðar á fjölda grunnskólanemenda í skýrslum framhaldsskóla. Þessi fjöldi er að öllum líkindum lágmarksfjöldi þar sem nemendur sem stunda nám í framhaldsskólaáföngum í sínum grunnskóla koma ekki alltaf fram í skýrslum framhaldsskólanna. Alls voru 906 nemendur 10. bekkjar skráðir í nám í framhaldsskólum, 109 nemendur í 9. bekk og 2 nemendur í 8. bekk. Því er ljóst að a.m.k. fimmti hver nemandi í 10. bekk grunnskóla stundar jafnframt nám á framhaldsskólastigi. Meirihluti nemendanna var skráður í 3 einingar, sem samsvarar einum áfanga á framhaldsskólastigi. Þó voru 153 nemendur skráðir í 6 einingar, sem samsvarar tveimur framhaldsskólaáföngum.

Sérkennsla

Í vorinnsöfnun gagna um grunnskóla er safnað upplýsingum um sérkennslu. Síðastliðin tvö ár hefur verið safnað upplýsingum eftir bekkjum og kyni og spurt hvernig sérkennslan fari fram. Gerður er greinarmunur á því hvort sérkennsla eða stuðningur fari fram inni í kennslustofu nemandans, hvort nemandinn er tekinn út úr kennslustofunni og kennslan fari fram í sérstöku sérkennsluveri eða hvort barn fær aðstoð bæði inni í bekk og í sérkennsluveri. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort stuðningurinn á sér stað allan veturinn eða einungis í nokkrar vikur á vetri. Þegar tölur er skoðaðar (tafla 9) sést að skólaárið 2005–2006 fá tæplega 10 þúsund nemendur aðstoð af einhverju tagi. Það eru því 22,5% grunnskóla-barna sem fá einhvers konar stuðning á því skólaári. Hlutfallslega flestir fá stuðning í 2.–5. bekk eða um 25% hvers árgangs. Töluvert fleiri drengir njóta sérkennslu eða stuðnings en stúlkur. Af þessum tæplega tíu þúsund nemendum eru 61,7% drengir og 38,3% stúlkur (mynd 7). Þegar skoðuð eru tvö síðastliðin skólaár fækkar þeim nemendum sem fá stuðning eingöngu inni í bekk en að sama skapi fjölga þeim sem fá stuðning bæði inni í bekk og í sérkennsluveri.

Mynd 7. Nemendur sem njóta sérkennslu eða stuðnings skólaárið 2005–2006

Figure 7. Pupils receiving special education or support during the school year 2005–2006




Nemendur með annað móðurmál en íslensku

3,7% nemenda hafa erlent móðurmál

Nemendum í grunnskólum með annað móðurmál en íslensku fjölgar ár frá ári. Haustið 2006 voru 1.613 börn með erlent móðurmál, eða 3,7% grunnskólanema (mynd 8, tafla 10). Eins og fjögur undanfarin ár hafa flestir nemendur pólsku að móðurmáli, 343 talsins. Næstflestir nemendur tala filippseysk mál, 150 talsins og 149 nemendur hafa ensku að móðurmáli (mynd 9). Enska var algengasta erlenda móðurmálið árin 1998–2001 en haustið 2002 voru pólskumælandi nemendur orðnir fleiri. Tælenska er móðurmál 124 nemenda og 104 nemendur tala serbó-króatísku. Nemendum með pólskt móðurmál hefur fjölgað mikið frá árinu 1998 eða rúmlega sexfalt. Eins hefur nemendum með lithásku fjölgað mikið frá árinu 1998 þegar einungis einn nemandi var skráður með það móðurmál. Haustið 2006 eru þeir orðnir 85. Á sama tíma hefur nemendum með ensku sem móðurmál einungis fjölgað um 11. Tæplega 60% (59,6%) nemenda með erlent móðurmál búa á höfuðborgarsvæðinu og er það í hlutfalli við heildarfjölda nemenda.


Mynd 8. Hlutfall nemenda með erlent móðurmál 1998–2006

Figure 8. Proportion of pupils with a foreign mother tongue 1998–2006



Mynd 9. Algengustu erlendu móðurmál grunnskólanema 1998, 2002 og 2006

Figure 9. Most common foreign mother tongues of pupils in 1998, 2002 and 2006



Nemendur og kennarar


Tæplega 10 nemendur á kennara í fullu starfi

Nemendum á hvern kennara hefur fækkað ár frá ári, frá árinu 1998. Árið 1998 voru 13,3 nemendur á hvert stöðugildi kennara en haustið 2006 eru 9,8 nemendur á hvert stöðugildi kennara (mynd 10, tafla 11). Haustið 2006 fór fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara í fyrsta skipti niður fyrir 10 nemendur. Sama þróun er til staðar ef fjöldi nemenda og fjöldi kennara er borinn saman.

Skólaárið 2003–2004 var meðalfjöldi nemenda á stöðugildi kennara í OECD löndunum 16,9 nemendur á barnaskólastigi (1.–7. bekk) og 13,7 nemendur á unglingsstigi (8.–10. bekk)². Meðalfjöldi nemenda á stöðugildi kennara skólaárið 2003–2004 var sá sami á Íslandi og í Danmörku, eða 11,3. Skipting skólakerfis OECD landanna á milli barnaskóla- og unglingsstiga gerir samanburð við önnur lönd erfðan, þar sem á Íslandi er ekki unnt að greina hlutfall nemenda á kennara eftir skólastigum vegna þess að grunnskólinn er ein heild.

Mynd 10. Fjöldi nemenda á stöðugildi kennara 1998–2006

Figure 10. Pupils per full-time equivalent teacher 1998–2006



Að meðaltali eru 18,6 nemendur í bekkjardeild

Fjöldi nemenda í bekkjardeild er áætlaður út frá upplýsingum skólanna um nemendur og bekkjardeildir. Sérdeildir og sérskólar eru ekki taldir með. Skólarnir eru beðnir að tilgreina þegar um samkenslu árganga í einum bekk er að ræða. Ekki er spurt um fjölda kennara í hverri bekkjardeild en til er að nemendum sé kennt í stórum bekkjardeildum af fleiri en einum kennara. Ýmiss konar samkensla árganga hefur farið vaxandi og er stunduð víðar en í fámennum skólum á landsbyggðinni. Því verður að líta á tölur um bekkjarstærðir sem áætlun. Að gefnum þessum fyrirvörum eru að meðaltali 18,6 nemendur í bekkjardeild skólaárið 2006–2007 (tafla 12). Að meðaltali eru nemendur fæstir í 1. bekk, 17,0 en flestir í 9. bekk, þar sem eru að meðaltali 20,5 nemendur (mynd 11). Töluverð sveifla er í árgangastærð. Fámennasti árgangurinn er 2. bekkur (7 ára börn), þar sem eru 4.089 nemendur en fjölmennasti er 8. bekkur, 4.643 nemendur. Þegar bekkjarstærð er borin saman innan OECD landanna voru bekkir á barnaskólastigi eingöngu minni í Lúxemborg og Portúgal. Meðalstærð bekkja á barnaskólastigi í OECD löndunum var 21,4 skólaárið 2003–2004 en 17,1 á Íslandi³.


² OECD: Education at a Glance. OECD Indicators, Paris, 2006.

³ OECD: Education at a Glance. OECD Indicators, Paris, 2006.

Á unglíngastigi voru að meðaltali 18,5 nemendur í bekk á Íslandi en 24,1 í OECD löndunum. Hvergi í þeim OECD löndum, sem tölur eru til fyrir, voru minni bekkir á unglíngastigi en á Íslandi á þessu skólaári.

Mynd 11. Meðalstærð bekkjardeilda 2006–2007

Figure 11. Pupils by average class size 2006–2007



English summary

In the school year 2006–2007 there are 173 compulsory schools in Iceland, four fewer than in the previous year. There were 43,875 pupils in compulsory schools in the autumn of 2006, 461 fewer than in autumn 2005. It is expected that the number of pupils in compulsory education will be smaller in the coming years, as the age groups that will be starting compulsory education in the next years are smaller than the age groups that will be completing compulsory education. At least one out of five pupils in grade 10 is also studying at the upper secondary level. In addition, more than 100 pupils in grade 9 are also taking courses at the upper secondary level. Approximately 3.7% of pupils have another mother tongue than Icelandic. Polish is most common, spoken by 343 pupils. There are almost 10 pupils per each full-time equivalent teacher and the average class size is 18.5 pupils. Icelandic is the most commonly taught subject which is taught in almost one-fifth of all classes during compulsory education. Mathematics is taught in 16% of classes during the 10 years of compulsory education. Almost 10,000 pupils received support or special education during the school year 2005–2006.

Tafla 3. Fjöldi skóladaga eftir bekkjum skólaárið 2005–2006

Table 3. Days at school by grade 2005–2006

Skóladagar										
Days at school	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
	Grade 1	Grade 2	Grade 3	Grade 4	Grade 5	Grade 6	Grade 7	Grade 8	Grade 9	Grade 10
<150	2	2	2	–	–	–	–	–	–	–
150–159	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
160–169	–	–	1	3	1	1	–	–	–	1
170–174	7	6	7	7	8	7	7	7	5	6
175	9	8	8	8	8	9	9	7	7	6
176	4	5	5	4	2	3	3	2	2	4
177	5	3	3	3	4	5	5	4	3	3
178	5	4	4	5	5	5	5	7	7	7
179	7	8	8	8	9	8	9	7	7	7
180	118	122	123	121	120	120	115	107	107	102
181	2	2	2	1	–	1	1	–	1	–
182	–	–	–	1	–	–	–	–	–	1
183	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
184	1	1	1	1	1	1	1	–	–	1
185	2	2	2	2	2	2	2	2	3	3

Skýringar Notes: Söfnun upplýsinga fór fram vorið 2006. Fjöldi skóladaga var á bilinu 130–185. Data collection in spring 2006. Days vary from 130 to 185.

Tafla 4. Skipting nemendastunda eftir námsgreinum í 1.–10. bekk skólaárið 2005–2006

Table 4. Pupil hours by subject in grades 1–10 during the school year 2005–2006

Námsgreinar	Alls Total	Bekkur Grade		
		1–4	5–7	8–10
Subjects				
Alls Total	100,0	100,0	100,0	100,0
Íslenska <i>Icelandic</i>	19,5	23,6	19,0	15,5
Stærðfræði <i>Mathematics</i>	16,1	17,6	15,6	14,9
Danska <i>Danish</i>	5,4	0,3	6,3	10,2
Enska <i>English</i>	4,3	0,0	2,8	10,4
Heimilisfræði <i>Home economics</i>	3,0	3,1	4,2	1,8
Íþróttir <i>Physical education</i>	8,9	9,8	8,7	8,2
List- og verkgreinar <i>Arts and crafts</i>	9,5	13,3	11,1	3,6
Lífsleikni <i>Life skills</i>	2,9	2,4	3,1	3,2
Náttúrufræði <i>Natural sciences</i>	8,0	6,7	8,4	8,9
Samfélagsfræði <i>Social studies</i>	9,5	10,0	10,5	8,0
Upplýsingatækni <i>ICT</i>	4,5	5,5	5,5	2,5
Annað <i>Other</i>	8,4	7,7	4,7	12,8

Tafla 5. Nemendur í grunnskólum eftir landsvæðum, kyni og bekk haustið 2006

Table 5. Pupils in compulsory schools by district, sex and grade, autumn 2006

	Alls Total	1. bekkur Grade 1	2. bekkur Grade 2	3. bekkur Grade 3	4. bekkur Grade 4	5. bekkur Grade 5	6. bekkur Grade 6	7. bekkur Grade 7	8. bekkur Grade 8	9. bekkur Grade 9	10. bekkur Grade 10
Alls Total											
Alls Total	43.875	4.276	4.089	4.238	4.227	4.420	4.326	4.532	4.643	4.630	4.494
Drengir Boys	22.412	2.168	2.007	2.158	2.181	2.277	2.234	2.318	2.340	2.397	2.332
Stúlkur Girls	21.463	2.108	2.082	2.080	2.046	2.143	2.092	2.214	2.303	2.233	2.162
Höfuðborgarsvæði											
<i>Capital area</i>											
Alls Total	26.228	2.638	2.423	2.532	2.537	2.630	2.547	2.748	2.777	2.769	2.627
Drengir Boys	13.349	1.334	1.187	1.289	1.280	1.356	1.326	1.418	1.412	1.395	1.352
Stúlkur Girls	12.879	1.304	1.236	1.243	1.257	1.274	1.221	1.330	1.365	1.374	1.275
Reykjavík											
Alls Total	14.850	1.511	1.343	1.447	1.422	1.500	1.407	1.542	1.566	1.590	1.522
Drengir Boys	7.569	773	650	740	721	767	718	812	788	803	797
Stúlkur Girls	7.281	738	693	707	701	733	689	730	778	787	725
Hbsv. utan Rvk.											
<i>Capital area excl. Rvk.</i>											
Alls Total	11.378	1.127	1.080	1.085	1.115	1.130	1.140	1.206	1.211	1.179	1.105
Drengir Boys	5.780	561	537	549	559	589	608	606	624	592	555
Stúlkur Girls	5.598	566	543	536	556	541	532	600	587	587	550
Suðurnes											
Alls Total	3.060	285	312	288	283	314	299	326	334	324	295
Drengir Boys	1.577	162	148	131	157	164	148	164	172	179	152
Stúlkur Girls	1.483	123	164	157	126	150	151	162	162	145	143
Vesturland											
Alls Total	2.398	227	235	223	239	217	226	225	277	276	253
Drengir Boys	1.241	111	119	118	128	114	118	121	139	140	133
Stúlkur Girls	1.157	116	116	105	111	103	108	104	138	136	120
Vestfirðir											
Alls Total	1.147	99	92	126	99	126	124	134	120	124	103
Drengir Boys	580	50	48	74	49	59	61	69	69	58	43
Stúlkur Girls	567	49	44	52	50	67	63	65	51	66	60
Norðurl. vestra											
Alls Total	1.294	126	135	123	115	127	138	123	128	135	144
Drengir Boys	641	64	64	61	57	52	70	65	56	78	74
Stúlkur Girls	653	62	71	62	58	75	68	58	72	57	70
Norðurl. eystra											
Alls Total	4.220	390	397	439	408	437	401	430	407	442	469
Drengir Boys	2.158	206	196	226	212	239	199	195	196	241	248
Stúlkur Girls	2.062	184	201	213	196	198	202	235	211	201	221
Austurland											
Alls Total	1.882	183	176	170	191	190	209	165	202	179	217
Drengir Boys	960	85	98	79	106	93	104	87	92	105	111
Stúlkur Girls	922	98	78	91	85	97	105	78	110	74	106
Suðurland											
Alls Total	3.646	328	319	337	355	379	382	381	398	381	386
Drengir Boys	1.906	156	147	180	192	200	208	199	204	201	219
Stúlkur Girls	1.740	172	172	157	163	179	174	182	194	180	167

Skýringar Notes: Nemendum sem ekki er raðað í bekkum af skólum eru flokkaðir í bekkum eftir aldri. Miðað er við fjölda nemenda í október ár hvert. Að auki voru 103 nemendur í 5 ára bekk. 10 nemendur í Kárahnjúkaskóla ekki meðtaldir. Pupils who are not assigned to grades by their schools are assigned to grades by age. Plus 103 pupils in grade 0 (5 years old). 10 pupils in Kárahnjúkaskóli not included.

Tafla 6. Nemendur í grunnskólum eftir bekkjum og skóla haustið 2006

Table 6. Pupils in compulsory schools by grade and school, autumn 2006

	Alls <i>Total</i>	Drengir <i>Boys</i>	Stúlkur <i>Girls</i>	1. b. <i>Gr. 1</i>	2. b. <i>Gr. 2</i>	3. b. <i>Gr. 3</i>	4. b. <i>Gr. 4</i>	5. b. <i>Gr. 5</i>	6. b. <i>Gr. 6</i>	7. b. <i>Gr. 7</i>	8. b. <i>Gr. 8</i>	9. b. <i>Gr. 9</i>	10. b. <i>Gr. 10</i>
Alls Total	43.875	22.412	21.461	4.276	4.089	4.238	4.227	4.420	4.326	4.532	4.643	4.630	4.494
Austurbæjarskóli	568	276	292	53	49	38	58	59	55	90	29	68	69
Álftamýrarskóli	360	188	172	43	29	29	36	27	38	42	40	35	41
Árbæjarskóli	801	400	401	64	53	47	42	63	42	57	142	152	139
Ártúnsskóli	149	81	68	18	14	16	23	32	24	22	–	–	–
Borgaskóli	361	194	167	35	24	31	37	48	39	43	40	29	35
Breiðagerðisskóli	345	180	165	55	35	51	36	68	45	55	–	–	–
Breiðholtsskóli	537	273	264	50	54	49	47	59	47	67	47	48	69
Brúarskóli	20	17	3	–	–	1	2	2	3	2	5	2	3
Engjaskóli	329	173	156	32	27	34	25	27	38	26	45	36	39
Fellaskóli (Reykjavík)	345	176	169	24	32	28	37	26	46	32	39	36	45
Foldaskóli	473	251	222	27	38	33	42	38	37	58	54	69	77
Fossvogsskóli	302	147	155	31	46	45	46	44	34	56	–	–	–
Grandaskóli	314	163	151	41	42	44	39	63	36	49	–	–	–
Hagaskóli	537	277	260	–	–	–	–	–	–	–	167	204	166
Hamraskóli	317	162	155	27	27	27	27	35	29	27	46	37	35
Háteigsskóli	404	188	216	38	36	43	43	34	43	34	50	47	36
Hlíðaskóli	553	283	270	55	56	53	57	65	54	47	66	45	55
Hólbrekkuskóli	547	271	276	54	49	69	54	54	52	52	61	50	52
Húsaskóli	342	158	184	28	32	20	34	33	33	44	39	43	36
Hvassaleitisskóli	236	115	121	20	17	21	21	28	21	16	32	24	36
Ingunnarskóli	575	280	295	85	82	77	55	63	46	44	48	46	29
Klébergsskóli	168	92	76	22	14	14	17	24	20	16	13	14	14
Korpuskóli	240	119	121	33	30	26	24	24	24	22	26	24	7
Landakotsskóli	127	75	52	15	10	10	16	18	5	25	12	5	11
Langholtsskóli	577	314	263	61	51	78	65	49	43	60	45	66	59
Laugalækjarskóli	278	145	133	–	–	–	–	–	–	62	88	67	61
Laugarnesskóli	390	184	206	58	68	65	75	60	64	–	–	–	–
Melaskóli	597	311	286	98	86	90	76	66	90	91	–	–	–
Norðlingaskóli	108	44	64	23	18	6	15	9	15	16	6	–	–
Réttarholtsskóli	359	205	154	–	–	–	–	–	–	–	114	134	111
Rimaskóli	717	392	325	68	43	73	74	82	85	77	67	63	85
Safamýrarskóli	17	7	10	1	1	1	–	1	5	3	1	1	3
Selásskóli	305	148	157	45	15	63	33	49	52	48	–	–	–
Seljaskóli	700	356	344	63	57	61	75	76	62	72	86	81	67
Skóli Ísaks Jónssonar	140	77	63	55	47	38	–	–	–	–	–	–	–
Suðurlíðarskóli	46	25	21	2	1	2	6	–	9	3	9	7	7
Tjarnarskóli	31	17	14	–	–	–	–	–	–	4	10	10	7
Vesturbæjarskóli	260	120	140	36	42	29	43	34	33	43	–	–	–
Víkurskóli	259	135	124	31	30	37	33	32	24	15	20	22	15
Vogaskóli	390	194	196	39	33	22	38	38	43	46	39	47	45
Waldorfskólinn													
Sólstaðir	49	22	27	8	2	5	6	5	6	4	8	5	–
Ólduselsskóli	576	276	300	63	50	63	59	56	56	62	57	58	52
Öskjuhlíðarskóli	101	58	43	10	3	8	6	9	9	10	15	15	16
Digranesskóli	417	196	221	36	39	44	36	45	37	51	38	47	44
Hjallaskóli	380	195	185	29	33	32	37	39	35	41	47	47	40
Hörðuvallaskóli	54	26	28	13	10	19	12	–	–	–	–	–	–
Kársnesskóli	509	255	254	36	35	50	51	60	63	63	48	52	51
Kópavogsskóli	345	199	146	31	28	33	36	24	32	34	47	46	34
Lindaskóli	582	288	294	52	51	51	67	75	54	58	73	50	51
Salaskóli	410	201	209	54	67	41	36	36	39	37	25	41	34

Tafla 6. Nemendur í grunnskólum eftir bekkjum og skóla haustið 2006 (frh.)
 Table 6. Pupils in compulsory schools by grade and school, autumn 2006 (cont.)

	Alls <i>Total</i>	Drengir <i>Boys</i>	Stúlkur <i>Girls</i>	1. b. <i>Gr. 1</i>	2. b. <i>Gr. 2</i>	3. b. <i>Gr. 3</i>	4. b. <i>Gr. 4</i>	5. b. <i>Gr. 5</i>	6. b. <i>Gr. 6</i>	7. b. <i>Gr. 7</i>	8. b. <i>Gr. 8</i>	9. b. <i>Gr. 9</i>	10. b. <i>Gr. 10</i>
Smáraskóli	490	256	234	45	33	44	48	42	62	47	59	49	61
Snælandsskóli	432	241	191	30	45	49	37	46	34	36	52	61	42
Vatnsendaskóli	201	92	109	37	29	21	30	15	25	26	18	–	–
Waldorfskólinn													
Lækjarbotnum	38	19	19	4	7	2	5	6	4	–	3	7	–
Grunnskóli Seltjarnarness	672	356	316	50	54	56	53	83	62	78	78	80	78
Barnaskóli													
Hjallastefnunnar	141	61	80	77	37	25	2	–	–	–	–	–	–
Flataskóli	355	191	164	16	45	40	48	77	47	82	–	–	–
Garðaskóli	423	219	204	–	–	–	–	–	–	–	137	150	136
Hofsstaðaskóli	383	186	197	51	39	43	54	61	68	67	–	–	–
Sjællandsskóli	115	55	60	15	12	19	21	8	31	9	–	–	–
Áslandsskóli	448	232	216	50	39	56	41	44	50	40	52	30	46
Engidalsskóli	271	137	134	33	38	32	44	47	38	39	–	–	–
Hraunvallaskóli	247	129	118	49	50	26	38	24	40	20	–	–	–
Hvaleyrarskóli	511	256	255	43	48	53	46	51	45	54	61	56	54
Lækjarskóli	523	279	244	48	37	41	39	60	49	62	49	69	69
Setbergsskóli	612	291	321	53	47	46	53	52	66	61	75	86	73
Viðistaðaskóli	468	227	241	29	39	33	35	28	39	43	94	67	61
Öldutúnsskóli	603	289	314	59	48	56	66	53	52	62	67	71	69
Álftanesskóli	425	236	189	55	39	46	47	32	47	54	43	32	30
Lágafellsskóli	626	326	300	81	73	64	60	55	65	72	54	51	51
Varmárskóli	697	342	355	51	58	63	73	67	56	70	91	87	81
Akurskóli	139	72	67	29	21	15	24	17	16	17	–	–	–
Heiðarskóli													
Reykjanesbæ	466	224	242	49	42	58	42	50	51	44	54	37	39
Holtaskóli	438	216	222	33	47	37	38	46	48	45	51	49	44
Myllubakkaskóli	396	206	190	32	31	35	43	37	39	32	54	45	48
Njarðvíkurskóli	405	230	175	31	33	30	34	32	41	41	51	63	49
Grunnskóli Grindavíkur	495	255	240	51	60	48	41	53	39	68	42	54	39
Grunnskólinn í													
Sandgerði	268	139	129	19	23	24	23	26	20	29	35	37	32
Gerðaskóli	237	125	112	24	32	18	19	28	27	23	24	21	21
Stóru-Vogaskóli	216	110	106	17	23	23	19	25	18	27	23	18	23
Brekubæjarskóli	423	219	204	39	50	42	55	37	34	35	47	42	42
Grundaskóli	525	271	254	42	49	59	39	52	58	52	52	58	64
Heiðarskóli Leirársveit	93	56	37	6	7	9	9	6	13	9	13	14	7
Grunnskóli													
Borgarfjarðarsveitar	159	89	70	16	18	16	11	9	22	15	15	21	16
Grunnskólinn í Borgarnesi	331	165	166	33	31	29	35	31	26	30	40	40	36
Varmalandsskóli	145	75	70	13	18	15	8	17	11	18	19	13	13
Grunnskóli Grundarfjarðar	175	91	84	14	10	11	19	13	24	13	24	25	22
Grunnskólinn í													
Stykkishólmi	173	91	82	17	15	15	16	15	13	21	19	21	21
Laugargerðisskóli	44	18	26	3	5	3	3	2	–	8	5	9	6
Grunnskóli Snæfellsbæjar	237	114	123	30	20	19	37	23	18	18	30	22	20
Grunnskólinn Tjarnarlundi	11	8	1	1	1	1	1	1	1	3	1	1	–
Grunnskólinn í Búðardal	82	44	38	13	11	4	6	11	6	3	12	10	6
Grunnskóli Bolungarvíkur	139	68	71	5	14	19	10	14	11	17	17	19	13
Grunnskóli Önuðarfjarðar	38	15	23	1	4	5	3	4	6	5	4	–	6
Grunnskólinn Suðureyri	42	23	19	5	–	6	2	5	6	6	5	6	1
Grunnskólinn á Ísafirði	492	258	234	43	40	51	47	54	59	57	49	48	44
Grunnskólinn Þingeyri	62	33	29	10	6	7	8	5	4	7	5	5	5

Tafla 6. Nemendur í grunnskólum eftir bekkjum og skóla haustið 2006 (frh.)
 Table 6. Pupils in compulsory schools by grade and school, autumn 2006 (cont.)

	Alls	Drengir	Stúlkur	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	10. b.
	Total	Boys	Girls	Gr. 1	Gr. 2	Gr. 3	Gr. 4	Gr. 5	Gr. 6	Gr. 7	Gr. 8	Gr. 9	Gr. 10
Reykhólaskóli	37	16	21	1	3	1	2	7	2	4	4	8	5
Grunnskólinn á Tálknafirði	45	22	23	4	–	9	3	8	5	2	7	7	–
Grunnskóli Vesturbyggðar	142	68	74	19	11	5	11	12	14	17	16	20	17
Súðavíkurskóli	36	21	15	2	3	3	4	6	5	4	4	3	2
Finnbogastaðaskóli	3	1	2	1	–	–	1	–	–	–	–	1	–
Grunnskólinn Drangnesi	14	7	7	1	2	3	1	1	1	2	3	–	–
Grunnskólinn Hólmavík	78	41	37	5	7	15	5	6	7	10	6	7	10
Grunnskólinn á Borðeyri	19	7	12	2	2	2	2	4	4	3	–	–	–
Grunnskóli Siglufjarðar	192	93	99	15	13	21	21	22	23	27	17	14	19
Árskóli	422	210	212	41	44	36	39	36	51	36	39	44	56
Grunnskólinn að Hólum	35	20	15	7	6	5	3	3	4	3	4	–	–
Grunnskólinn Hofsósi	36	13	23	2	1	–	3	3	3	2	7	10	5
Varmahlíðarskóli	144	73	71	16	19	13	8	13	13	13	11	19	19
Grunnsk. Húnaþings vestra	156	73	83	15	17	21	10	16	15	14	18	16	14
Húnavallaskóli	82	46	36	8	9	6	6	11	9	8	8	9	8
Grunnskólinn á Blönduósi	126	65	61	10	17	13	16	10	8	8	14	16	14
Höfðaskóli	101	48	53	12	9	8	9	13	12	12	10	7	9
Brekkskóli	535	251	284	58	38	62	53	46	45	53	53	62	65
Giljaskóli	409	217	192	41	51	52	39	39	48	38	34	36	31
Glerárskóli	398	203	195	31	44	38	39	39	37	36	49	49	36
Hlíðarskóli	22	14	8	–	–	–	–	1	1	4	4	5	7
Lundarskóli	525	286	239	46	56	65	40	58	48	60	51	45	56
Oddeyrarskóli	213	116	97	26	14	25	24	23	19	20	17	21	24
Síðuskóli	438	213	225	44	36	45	45	44	41	46	36	50	51
Borgarhólsskóli	356	171	185	34	33	31	38	32	34	44	36	40	34
Grunnskólinn í Ólafsfirði	130	66	64	12	14	10	10	24	12	8	11	14	15
Grunnsk. Dalvíkurbyggðar	337	185	152	35	36	34	34	42	22	34	23	28	49
Grunnskólinn í Grimsey	11	5	6	2	1	2	1	1	–	1	3	–	–
Grunnskólinn í Hrísey	25	10	15	1	4	3	3	2	2	–	2	3	5
Þelamerkurskóli	86	45	41	9	4	9	8	9	5	13	12	7	10
Hrafnagilsskóli	194	104	90	12	21	13	21	21	21	22	17	21	25
Valsárskóli	68	35	33	4	7	7	4	6	10	5	10	7	8
Grenivíkurskóli	66	35	31	6	8	7	13	3	7	4	6	5	7
Stórutjarnaskóli	48	21	27	4	3	4	5	5	9	5	3	3	7
Grunnskólinn													
Skútustaðahreppi	73	37	36	3	6	6	7	11	5	10	8	8	9
Litlulaugaskóli	47	20	27	1	6	4	6	–	9	4	–	9	8
Hafralækjarskóli	66	33	33	7	2	4	5	7	6	7	10	11	7
Öxarfjarðarskóli	61	31	30	6	3	3	3	8	8	5	7	10	8
Grunnskóli Raufarhafnar	43	18	25	3	4	8	2	6	1	5	5	6	3
Grunnsk. Svalbarðshrepps	8	6	2	–	–	1	1	2	3	–	1	–	–
Grunnskólinn á Þórshöfn	61	36	25	5	6	6	7	8	8	6	9	2	4
Seyðisfjarðarskóli	94	43	51	7	9	9	12	9	5	7	14	10	12
Grunnskóli Reyðarfjarðar	149	71	78	16	14	15	20	14	16	9	16	17	12
Grunnskólinn á Eskifirði	167	75	92	14	13	17	15	20	12	18	19	22	17
Nesskóli	205	95	110	27	25	15	9	21	33	26	16	10	23
Grunnsk. á Bakkafirði	12	6	6	2	1	1	5	1	–	2	–	–	–
Vopnafjarðarskóli	92	46	46	9	7	10	9	10	10	7	6	11	13
Fellaskóli, Fellahreppi	98	44	54	6	9	12	8	12	8	9	8	10	16
Grunnskóli Borgarfjarðar	19	11	8	2	–	3	4	2	3	2	–	–	3
Brúarásskóli	32	17	15	6	2	3	–	3	4	–	6	6	2
Grunnskóli Mjóafjarðar	2	–	2	–	–	–	1	1	–	–	–	–	–
Grunnsk. Fáskrúðsfjarðar	97	50	47	11	5	8	11	10	14	8	11	6	13

Tafla 6. Nemendur í grunnskólum eftir bekkjum og skóla haustið 2006 (frh.)
Table 6. Pupils in compulsory schools by grade and school, autumn 2006 (cont.)

	Alls Drengir Stúlkur			1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	10. b.
	Total	Boys	Girls	Gr. 1	Gr. 2	Gr. 3	Gr. 4	Gr. 5	Gr. 6	Gr. 7	Gr. 8	Gr. 9	Gr. 10
Grunnskólinn á Stöðvarfirði	46	35	11	3	5	3	5	4	5	3	7	4	7
Grunnskólinn í Breiðdalshreppi	36	18	18	2	4	1	1	4	8	3	5	–	8
Grunnskóli Djúpavogs	46	23	23	4	4	7	5	5	5	3	4	6	3
Grunnskólinn Egilsstöðum og Eiðum	358	192	166	29	35	34	38	41	38	35	39	33	36
Hallormsstaðaskóli	50	27	23	4	4	2	7	6	4	2	10	5	6
Grunnskólinn í Hofgarði	10	6	4	3	3	2	–	–	–	2	–	–	–
Hafnarskóli	141	78	63	–	–	–	41	27	44	29	–	–	–
Heppuskóli	126	75	51	–	–	–	–	–	–	–	41	39	46
Nesjaskóli	102	48	54	38	36	28	–	–	–	–	–	–	–
Grunnskóli Vestmannaeyja	695	379	316	50	69	66	80	69	55	74	82	83	67
Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	159	89	70	18	12	16	14	18	14	15	17	15	20
Sunnulækjarskóli	253	125	128	44	27	45	42	34	61	–	–	–	–
Vallaskóli	736	370	366	45	57	55	59	48	61	92	115	102	102
Grunnskóli Mýrdalshrepps	72	41	31	7	7	7	5	11	8	7	8	4	8
Kirkjubæjarskóli	61	26	35	5	4	7	6	4	4	7	7	8	9
Hvolsskóli	251	134	117	26	27	19	20	28	20	27	26	20	38
Grunnskólinn á Hellu	187	102	85	15	13	15	14	24	22	26	12	24	22
Laugalandsskóli	88	41	47	7	6	7	7	12	9	10	12	13	5
Flóaskóli	52	27	25	6	4	7	9	13	5	8	–	–	–
Þjórarskóli	60	28	32	12	3	4	6	13	10	12	–	–	–
Flúðaskóli	194	104	90	18	13	17	11	16	12	18	26	29	34
Grunnskólinn í Hveragerði	394	209	185	33	32	26	42	45	41	47	46	44	38
Grunnskólinn í Þorlákshöfn	240	133	107	16	30	28	29	17	35	21	18	24	22
Grunnskóli Bláskógabyggðar	204	98	106	26	15	18	11	27	25	17	29	15	21

Skýringar Notes: Nemendum sem ekki er raðað í bekkji af skólum eru flokkaðir í bekkji eftir aldri. 103 nemendur stunduðu nám í 5 ára bekk, sjá nánar í töflu 2. 10 nemendur í Kárahnjúkaskóla ekki meðtaldir. Pupils who are not assigned to grades by their schools are assigned to grades by age. Plus grade 0 (5 years old) 103 pupils, see table 2. 10 pupils in Kárahnjúkaskóli not included.

Tafla 7. Nemendur á undan/eftir í skóla 2006

Table 7. Pupils ahead/behind in school 2006

Bekkur Grade	Nemendur alls Number of pupils	Á undan í námi Ahead in school	Á eftir í námi Behind in school	Hlutfall nemenda á undan Rate of pupils ahead	Hlutfall nemenda á eftir Rate of pupils behind
Alls Total	43.875	196	237	0,4	0,5
1	4.276	10	17	0,2	0,4
2	4.089	10	6	0,2	0,1
3	4.238	13	13	0,3	0,3
4	4.227	12	9	0,3	0,2
5	4.420	13	38	0,3	0,9
6	4.326	20	14	0,5	0,3
7	4.532	21	45	0,5	1,0
8	4.643	31	29	0,7	0,6
9	4.630	34	25	0,7	0,5
10	4.494	32	41	0,7	0,9

Tafla 8. Grunnskólanemendur í framhaldsskólum haustið 2006*Table 8. Pupils in compulsory schools studying in upper secondary schools in autumn 2006*

Framhaldsskólaeiningar <i>Upper secondary level credits</i>	Alls <i>Total</i>	Drengir <i>Boys</i>	Stúlkur <i>Girls</i>
Alls Total	1.017	509	508
1	55	47	8
2	97	47	50
3	663	317	346
4	12	11	1
5	22	10	12
6	153	72	81
8	3	2	1
9	9	2	7
10	1	1	–
12	2	–	2

Tafla 9. Nemendur sem njóta sérkennslu eða stuðnings skólaárið 2005–2006*Table 9. Pupils receiving special education or support during the school year 2005–2006*

Bekkur <i>Grade</i>	Alls <i>Total</i>	Hlutfall nemenda <i>% of pupils</i>	Í sérkennsluveri <i>Special ed. classroom</i>		Inni í bekk <i>In the classroom</i>		Hvort tveggja <i>Both</i>	
			Drengir <i>Boys</i>	Stúlkur <i>Girls</i>	Drengir <i>Boys</i>	Stúlkur <i>Girls</i>	Drengir <i>Boys</i>	Stúlkur <i>Girls</i>
Alls Total	9.967	22,5	2.320	1.487	986	628	2.848	1.698
1	733	17,8	166	73	74	74	220	126
2	1.041	24,7	229	158	116	68	315	155
3	1.069	25,3	265	161	98	51	310	184
4	1.097	24,9	285	184	98	55	301	174
5	1.105	25,5	243	157	108	78	330	189
6	1.044	23,2	196	156	95	49	352	196
7	994	21,4	227	161	86	58	282	180
8	903	19,5	225	130	107	77	222	142
9	804	17,9	178	137	85	47	215	142
10	835	17,5	205	123	82	62	205	158
Sérdeild <i>Special ed. class</i>	342	.	101	47	37	9	96	52

Tafla 10. Nemendur í grunnskólum með erlent móðurmál haustið 2006

Table 10. Pupils in compulsory schools having another mother tongue than Icelandic, in autumn 2006

	Alls <i>Total</i>	Höfuðborgar- svæði <i>Capital region</i>	Höfuðborgar- svæði % <i>Capital region %</i>	Utan höfuðborgar- svæðis <i>Other regions</i>	Utan höfuðborgar- svæðis % <i>Other regions %</i>
Alls Total	1.613	961	60	652	40
Pólska <i>Polish</i>	343	137	40	206	60
Filippseysk mál <i>Philippine languages</i>	150	95	63	55	37
Enska <i>English</i>	149	89	60	60	40
Tælenska <i>Thai</i>	124	77	62	47	38
Serbó-króatíska <i>Serbo-Croatian</i>	104	51	49	53	51
Vietnamska <i>Vietnamese</i>	87	79	91	8	9
Litháska <i>Lithuanian</i>	85	57	67	28	33
Spænska <i>Spanish</i>	68	41	60	27	40
Rússneska <i>Russian</i>	55	35	64	20	36
Danska <i>Danish</i>	50	27	54	23	46
Albanska <i>Albanian</i>	48	41	85	7	15
Þýska <i>German</i>	40	27	68	13	33
Kínverska <i>Chinese</i>	38	35	92	3	8
Sænska <i>Swedish</i>	29	8	28	21	72
Norska <i>Norwegian</i>	28	16	57	12	43
Portúgalska <i>Portuguese</i>	27	17	63	10	37
Franska <i>French</i>	22	17	77	5	23
Arabíska <i>Arabic</i>	16	16	100	–	–
Búlgarska <i>Bulgarian</i>	14	8	57	6	43
Færeyska <i>Faroese</i>	14	7	50	7	50
Ungverska <i>Hungarian</i>	11	5	46	6	55
Eistneska <i>Estonian</i>	9	1	11	8	89
Tékkneska <i>Czech</i>	7	5	71	2	29
Lettneska <i>Latvian</i>	6	6	100	–	–
Rúmenska <i>Romanian</i>	6	5	83	1	17
Úkraínska <i>Ukrainian</i>	6	4	67	2	33
Úrdú <i>Urdu</i>	6	3	50	3	50
Finnska <i>Finnish</i>	5	5	100	–	–
Hollenska <i>Dutch</i>	5	4	80	1	20
Indónesíska <i>Indonesian</i>	5	1	20	4	80
Flæmska <i>Flemish</i>	4	4	100	–	–
Ítalska <i>Italian</i>	4	2	50	2	50
Singhalesíska <i>Singhalese</i>	4	1	25	3	75
Malajíska <i>Malay</i>	3	3	100	–	–
Hebreska <i>Hebrew</i>	2	2	100	–	–
Japanska <i>Japanese</i>	2	2	100	–	–
Kóreska <i>Korean</i>	2	1	50	1	50
Mongólska <i>Mongolian</i>	2	–	–	2	100
Swahíli <i>Swahili</i>	2	–	–	2	100
Ótilgreint <i>Undisclosed</i>	31	27	87	4	13

Skýringar Notes: Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri (úr Aðalnámsskrá grunnskóla, 1999). Ótilgreint: Nemendur með ótilgreint móðurmál. 10 nemendur í Kárahnjúkaskóla ekki meðtaldir. *Mother language is the language the child learns first, uses most fluently, and is spoken at home, sometimes only by one parent. Undisclosed: Pupils speaking other languages. 10 pupils in Kárahnjúkaskóli not included.*

Tafla 11. Fjöldi nemenda á kennara 1998–2006Table 11. *Pupils per teacher 1998–2006*

Ár Year	Fjöldi nemenda <i>Number of pupils</i>	Fjöldi kennara <i>Number of teachers</i>	Stöðugildi kennara <i>Full-time equivalent teachers</i>	Fjöldi nemenda á kennara <i>Pupils per teacher</i>	Fjöldi nemenda á stöðugildi kennara <i>Pupils per full-time equivalent teacher</i>
1998	42.549	3.726	3.202	11,4	13,3
1999	43.148	3.864	3.373	11,2	12,8
2000	43.777	3.889	3.446	11,3	12,7
2001	44.187	4.153	3.927	10,6	11,3
2002	44.809	4.358	4.104	10,3	10,9
2003	44.927	4.413	4.109	10,2	10,9
2004	44.637	4.405	4.136	10,1	10,8
2005	44.461	4.525	4.371	9,8	10,2
2006	43.978	4.648	4.469	9,5	9,8

Skýringar Notes: Meðtaldir eru deildarstjórar og kennarar. Nemendur í 5 ára bekk taldir með. *Department heads and teachers are included. Pupils in grade 0 (5 years old) are included.*

Tafla 12. Nemendur í bekkjardeild 2006–2007Table 12. *Pupils by class size 2006–2007*

Bekkur <i>Grade</i>	Fjöldi bekkjardeilda <i>Number of classes</i>	Fjöldi nemenda <i>Number of pupils</i>	Nemendur í bekkjardeild <i>Pupils per class</i>
Alls Total	2.340	43.624	18,6
1	253	4.298	17,0
2	236	4.060	17,2
3	235	4.199	17,9
4	230	4.211	18,3
5	236	4.429	18,8
6	231	4.331	18,7
7	231	4.457	19,3
8	235	4.644	19,8
9	226	4.630	20,5
10	227	4.365	19,2

Skýringar Notes: Nemendur í sérskólum og sérdeildum eru ekki taldir með. *Pupils in special schools and special education classes are excluded.*

Hagtiðindi Skólamál
Statistical Series Education

92. árgangur nr. 17 2007:2

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-469X (pappír *paper*) • ISSN 1670-4703 (pdf)

Verð ISK 800 *Price EUR 11*

Umsjón *Supervision* Haukur Pálsson • haukur.palsson@hagstofa.is

Ásta M. Urbancic • asta.urbancic@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series